# Bréf til Bjarna: Bréfritari Halldór Kr. Þorsteinsson í Háteigi, 3. desember 1931

Bjarni Benediktsson – Framsókn – Jafnaðarmenn – óhófleg neysla á almannafé – bændamenning – útgerðin – Þýskaland -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-1, Örk 12

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir nýárið. Ég sagði auðvitað að hún skyldi skrifa þér og biðja þig að útvega sér samastað þú myndir gera það, sem þú gætir til að liðsinna henni. Ekki líst hún koma sér að því. En kannske henni hafi nú vaxið kjarkur seinna. En öðru tók ég eftir, að Gunnar var fár, sagði ekki orð, hvorki við einn eða neinn. Á eftir var mér sagt að hann væri trúlofaður stúlku úr Hafnafirði sem móðir hans þætti ekki nógu ættgöfug. Af þessu myndi þetta þálæti Gunnars stafa, hann vinnur hjá Jóni Ásbjörnssyni. Það er leiðinlegt ef óánægja ætlar að rísa þar út af festum barnanna. Þórunn opinberaði í fyrra vetur rétt um hátíðir, en svo var öll velvildin búin nokkru síðar. Það var nú víst bara heppilegt, þetta var dukku drengur, foreldrar hans höfðu sagt að hún ætti enga ætt en Guðrúnu fanns hann aftur svo þátakur. Þetta er ekki ólíklegt, svo er Brynjólfur atvinnulaus. Ég sendi Pétri hangikjöt, sem ég vona að hann hafi glatt sig við í gær, þegar hann var 25 ára. Ég kann illa við ef sá orðrómur legst niður að systrabörn mín hafi matarast á mér, svo fast mér ekki rétt að láta Pétur gleima íslenska matnum, en ég setti þá klásúnu á þetta að hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

trakteraði frændkonu vora Guðlaugu, svo eiginlega hefði hann átt að hafa hana hjá sér á þessum sínum heiðursdegi. Halldór skrifaði þér nú fyrir nokkrum dögum og sendi þér eitthvað af pundum £ í ábyrgðarbréfi, ég vona að það komi til skila. Bjarni minn hafðu alla þína hentisemi, það verður ekki betra að láta eignir sínar í neitt annað en til framtaks og menntunar góðum dreng, sem hefur öll skilyrði og fullann einurð á að vinna fyrir landið okkar og færa það upp úr því foraði, sem það er komið í. Ég get sagt þér það frændi minn, að það eru margir, sem beinlínis setja von sína til ykkar bræðra, sem foringa á komandi árum, en þá vildi ég nú óska þess að þið fylltuð ekki sitthvorn flokkinn - heldur hélduð saman. - Þá mynduð þið marka spor landi og þjóð til frama! Ég skal nú ekki tefja tíma þinn meir að þessu sinni, en vænt þykir mér og okkur öllum, þegar bréf kemur frá Bjarna. Við öll óskum þér gleðilegra jóla og vonum að þér líði vel þó þú sért í framandi landi. Guð styrki þig og blessi í öllu framtaki þínu, ég vona að þú verðir farsæll maður. Kærar kveðjur

þín frænka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg fekk nýverið bref frá Guðrúnu móðursystir. Hún segir að Ragnar sé saksóknari fyrir ríkið og hafi mikið að gera. Þeim líður vel. R.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háteig 3 desember 1931 Skrifað 31. des.

Kæri Bjarni. aðeins nokkrar línur til að þakka þjer fyrir mörg brjef, sem jeg hefi lesið með mikilli ánægju; hjer er nú allt á ringulreið sem stendur eins og þjer er kunnugt gegnum blöðin, er nú farið að verða að ekki einasta þeim sem atvinnurekstur stunda heldur og að þjóðarbúinu sjálfu, og þarf jeg ekki að lýsa því fyrir þjer, að það stafar mest frá sambandi Framsóknar við jafnaðarmenn, er orsakað hefur óhóflega eyðslu á almannafje samfara of háu kaupgjaldi til sjós og sveita, og svo verðfalli afurða landsmanna; ekki er sjáanlegt að nein breyting verði á þessu í bráð og býst jeg við að þó að gengið yrði til kosninga nú aftur, yrði sama niðurstaða, og þó sennilegt að Framsókn mundi vinna einn meira á en síðastliðið sumar.

Bondamenning okkar er sem sje ekki meiri en þetta þegar öllu er á botninn hvolft, þeir hafa náð til sín miklu fje í allskonar framfarir þarfar og óþarfar síðan Framsókn tók við, sumt af því eru gjafir og sumt eru lán til bygginga,* sem þeir alls ekki geta staðið straum af, og afleiðingin sýnist vera sú að þeir hugsi yfirlett eins og jafnaðarmenn,

* þú manst víst eftir lágu vöxtunum sem Tryggvi ætlaði að skaffa bændum, í síðast lögbirtingablaði var svolítil auglýsing svo smá að hún varla sást að frá og með 1. desember tæki Búnaðarbankinn sömu vexti og Landsbankinn af lánum og víxlum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem sje þannig að því meira sem eitt er því betra fyrir okkur við komum ekki til að standa strauum af því.

Útgerðin gengur yfirleitt illa mest vegn afar slæmrar sölu á saltfiskinum, svo stendur jafnvel til að leggja toll á ísvarin fisk í Bretlandi eða banna innflutning á honum, er það að vonum því að innflutningur á erlendum fiski þangað vex með hverju ári og stofnar þannig þeirra eigin útgerð í voða, svo eru þeir líka afar hræddir við að Rússar byrji líka með einn nýjan togaraflota. Sveinn Björnsson er nú í London til að fylgjast með því sem gjerist í þessum tollmálum. Íslendingar hafa að vísu aldrei grætt á ísfiskveiðum en á meðan verð var ólaulegt á saltfiski, var þó hagt að halda skipunum gangandi á þessu fiskirii líka og skaffa mörgu fólki atvinnu.

Eins og þú sjálfsagt hefur heyrt hafa Þjóðverjar komið all kuldalega fram við okkur nú nýverið, nokkur skip höfðu selt afla sinn alveg í "Cuxhafen„ og "Wesermunde„ fleiri vildu nota sjer af þessu, en þýskir útgerðarmenn tóku sig saman til að hamla þessum fiski frá markaðinum og endaði það svo að tvö" skip voru svo að kalla rænd fullfermi í "Cuxhafen„, sem sje Skallagrímur sem fjekk 2000 mörk og Þórólfur 4000 mörk

þar að auki hafa bankar í þessum fiskiborgum neitað að yfirfæra afgang skipsa vorra eða það sem einkennilegra er, líka neitað að færa það yfir á Conto Landsbankans þar, svo að það yrði notað sem greiðsla fyrir vörur sem alltaf er verið að flytja frá Þýskalandi með skipum Eimskipafjelagsins, þó segja viðkomand stjórnarvöld þar að vörur megi taka fyrir afgang skipanna.
Nú er Jóhann Jósefsson þingmaður Eyjamanna farinn til Þýskalands til að reina að rjetta úr þessu, sem vonandi tekst.

Útgerðin á "Max Pemberton,, gjekk með afbrigðum vel hvað afla snertir síðustu saltfiskvertíð, mun hann vera annað eða þriðja skip með afla, eða 4.700 skippund af þurrum fiski á rúmum 3 mánuðum, má það heita sjerlega gott á ekki lengri tíma og á ekki stærra skip, ísfiskiríið hefur gengið mjög illa hjá okkur í þetta sinn.

Ekki skil jeg hvað Þjóðverjar geta lengi haldið markinu í gullgengi. Það er raunar að vonum að þeir vilji forðast í lengstu lög að hreifa því. Það er ekki svo langt síðan að þeir urðu gjaldþrota með sinn fyrri gjaldeirir, en það hlýtur þó að koma að því að breyting verði á þessu því að eins og markið er skráð nú hlýtur að vera erfitt um útflutning frá Þýskalandi, en þeir bjóða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NIII

þá líklega vörur eingöngu í annara þjóða mynt.
Pabbi: Þú verður nú að afsaka að jeg get ekki skrifað þjer neitt skemtilegt, býst líka við að aðrir gjöri það sem færari eru í brjefaskriftum. Jeg sendi þjer hjermeð fjóra fimm punda seðla, ætlast jeg til að þú hafir þá á þjer og leggir þá ekki inn á Banka, það fer lítið fyrir þeim og gæti svo farið að gott væri að grípa til þeirra seinna. Hvað viðvíkur veru þinni erlendis vil jeg taka það framm að þó að hjer heima sjeu ýmsir erfiðleikar sem stendur, mátt þú ekki láta það hafa nein áhrif á þig eða nám þitt, því að við höfum nóg efni til að kosta þig eins og um var talað í byrjun, og verður þú að láta okkur vita þegar að þú þarft á fje að halda aftur.
Óska jeg þjer svo gleðilegra jóla og góðs Nýárs
þinn einlægur
Halldór Kr. Þorsteinsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur